



MFin Meistaránám í fjármálum



MFin – meistaránám í fjármálum – byggir á samvinnu Viðskiptafræðideildar og Hagfræðideildar, en hvor deild hefur um árabíl rekið sína eigin meistaralínu í fjármálum þó með mismunandi áherslum. Annars vegar hefur Viðskiptafræðideild boðið upp á MS í fjármálum fyrirtækja og hins vegar hefur Hagfræðideild boðið upp á meistaránám í fjármálahagfræði. Með MFin eru kraftar þessara tveggja deilda sameinaðir og sérstaða þess felst í því að náminu lýkur ekki með ritun meistararitgerðar heldur er í staðinn lögð áhersla á að þjálfar nemendur í að beita kenningum og aðferðum til þess að leysa hagnýt verkefni. Námið er samsett úr 15 námskeiðum, annars vegar átta skyldunámskeiðum og hins vegar sjö valnámskeiðum sem nemendur velja úr fjölbreyttu úrvali námskeiða.

Námið miðar að því að undirbúa nemendur fyrir fjölbreytt störf á fjármálamarkaði og gert er ráð fyrir að nemendur geti að námi loknu fengist við flókin viðfangsefni á sviði fjármála. Námið nýtist því víða í atvinnulífinu en markmið þess er að búa nemendur sérstaklega undir sérhæfð störf sem lúta að fjármálastjórn og sérfræðivinnu á fjármálasviðum fyrirtækja og stofnana eða til ýmissa starfa í fjármálafyrirtækjum eins og bönkum, sparisjóðum, verðbréfafyrirtækjum, tryggingafélögum og lífeyrissjóðum.

Fyrir hverja er námið?

Inntökuskilyrði eru BS eða BA próf með fyrstu einkunn (7,25), annað hvort í fjármálum, hagfræði, verkfræði, stærðfræði, eðlisfræði og skyldum greinum, eða í öðrum greinum ásamt prófi í verðbréfavíðskiptum.

Skipulag námsins

Námið er 90 einingar og samanstendur eingöngu af námskeiðum. Miðað við fullan námshraða er hægt að ljúka náminu á þremur misserum en taka má námið á allt að þremur árum. Skyldunámskeið eru átta og bundin valnámskeið sjö sem velja skal úr hópi 13 námskeiða í Viðskiptafræðideild og Hagfræðideild.

	Hautmisseri	Vormisseri
Skyldunámskeið: 8 námskeið	<ul style="list-style-type: none">Fjármögnun fyrirtækjaVerðmat fyrirtækjaHagfræði og stærðfræði fjármálamarkaðaFjármálatölfræði	<ul style="list-style-type: none">Hagnýt verkefni í fjármálumTölvutækni í fjármálumBankar og fjármálamarkaðirSkuldabréf
Valnámskeið: 7 námskeið af 14	<ul style="list-style-type: none">Eignastýring og verðlagningViðskiptasiðfræðiÞjóðhagfræði í meistaranámi IRekstrarhagfræði H fyrir meistaranemaAtvinnuvegahagfræðiFjárhagsupplýsingakerfiFélaga og skuldaskilarétturAlþjóðlegur skattaréttur	<ul style="list-style-type: none">SamningagerðÞjóðhagfræði í meistaranámi IIRekstrarhagfræði V fyrir meistaranemaHagfræðileg ákvörðunartakaHagrannsóknir í meistaranámiFyrirtækjaskattaréttur

Umsjón

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræðideild, ajonsson@hi.is og Hersir Sigurgeirsson, dósent í viðskiptafræðideild, hersir@hi.is

